

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra,
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2015

Efni: Ítrekun vegna kröfu Landssambands veiðifélaga að Eyjafirði og Ísafjarðardjúpi verði lokað fyrir eldi á norskum laxi.

Hinn 24. mars sl. ritaði Landssamband veiðifélaga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra bréf þar sem þess er krafist að Eyjafirði og Ísafjarðardjúpi verði lokað fyrir eldi á frjóum laxi af norskum uppruna. Jafnframt var óskað eftir svari innan mánaðar.

Hinn 20. apríl sl. barst svar ráðuneytisins þar sem segir; „Málið er nú til skoðunar í ráðuneytinu og er ákvörðunar að vænta á næstu mánuðum.“

Aðalfundur LV verður haldinn dagana 12. – 13. júní nk., þar sem þessi mál verða til umfjöllunar. Með bréfi þessu er þess eindregið óskað að ráðherra taki efnislega ákvörðun í málinu og niðurstaðan verði kynnt Landssambandi veiðifélaga fyrir þann tíma.

Virðingarfyllst,

Óðinn Sigbórsson,
formaður LV

Afrit:
Ásta Einarsdóttir
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu
Skúlagötu 4
150 Reykjavík